

Nd.

284. Nefndarátt

um frumv. til laga um breyting á lögum nr. 50, 20. júní 1923, um atkvæðagreiðslu utan kjörstaða við alþingiskosningar.

Frá minni hluta allsherjarnefndar.

Jeg, sem hjer rita undir, hefi ekki getað fallist á, að rjett sje að hrapa nú þegar að því að afnema þau lög, sem í fyrra voru sett og vist er um, að eru mikil rjettarbót á sinu sviði. Það er vitaskuld, að þau losa menn ekki undan öllu því margvíslega böli, sem leiðir af elli og sjúkdómum, en varla verður það talin ástæða gegn lögnum, því sá hefir ekki verið tilgangur þeirra, heldur að eins að draga úr því á þessu eina sviði, eftir því sem hægt er, og það tel jeg að tekist hafi.

Annars er ástæðan fyrir frumv. sú, að heimildin um heimakosningar hafi verið misbrúkuð svo mjög við síðustu kosningar og megi telja víst, að þessi misbrúkun fari í vöxt. Þetta hlýt jeg að telja sumpart ýkt og sumpart rangt. Það liggur ekki fyrir frá síðustu kosningum, að lögín um heimakosningu hafi verið misbrúkuð þannig, að þau hafi orðið orsök til þess, að menn hafi greitt atkvæði, sem ekki áttu rjett til þess, eða greitt atkvæði öðruvisi en sannfæring þeirra bauð, og því haft ranglát áhrif á kosningaúrslit. Menn hafa ekki heldur farið kringum þau eða fundið í þeim smugu til rangrar aðferðar. Hitt skal játað,

að þessi heimakosning hafi ekki farið fram að öllu leyti sem best, en það stafar af því, að lögin voru ný, menn vörndu sig ekki fullkomlega á afleiðingum þeirra, og voru því ekki við þeim búinir sem skyldi; menn sýnast ekki alstaðar hafa skilið lögin til fulls eða gætt þeirra, en það er svo langt frá því, að líkindi sjeu til þess, að þetta fari í vöxt, að það er sjálfsgagt, að þetta mnni geta horfið með öllu, þegar frá líður.

Á hinn bóginn er það vist, að mörg hundruð kjósendum, sem áttu rjettinn fullan og óskoraðan, hefir með þessum lögum verið gert kleift að nota hann, og væri því mjög ómaklegt að afnema þan nú, án frekari reynslu. Legg jeg því til, að frumv. verði felt.

Alþingi, 1. apríl 1924.

Magnús Jónsson.